

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum: Prófastinum í Skagafjarðarprófastdæmi, oddvita Lýtingsstaðahrepps og einum manni og öðrum til vara kjörnum af hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps eftir hverjar nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar, og skal leitast við að velja þá úr hópi niðja Bjarnastaðahlíðarhjóna.

Stjórnin skiptir með sér verkum, heldur fundargerðabók, er geymi skipulagsskrá sjóðsins og allt annað er honum við kemur.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sveitarsjóðs Lýtingsstaðahrepps.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

12. apríl 1976.

Nr. 126.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Afmælisgjafasjóð Elliheimilis Ísafjarðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. apríl 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afmælisgjafasjóð Elliheimilis Ísafjarðar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afmælisgjafasjóður Elliheimilis Ísafjarðar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á aldarafmæli Ísafjarðarkaupstaðar 1966, og er stofnfé hans kr. 20 000 — tuttugu þúsund krónur —, sem við hjónin afhendum forseta bæjarstjórnar Ísafjarðar í sparissjóðsbók við Útvegsbanka Íslands á Ísafirði.

3. gr.

Sjóðinn skal geyma og ávaxta á sem hagkvæmastan hátt þar til að hann hefur vaxið svo að hann, að áliti stjórnarinnar, geti byrjað starfsemi sína með útliti fyrir að hún geti haldið áfram án þess að fé skorti.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja vistmenn Elliheimilis Ísafjarðar með gjöf á afmælisdegi þeirra hvers um sig.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð nefnd þeirri, sem á hverjum tíma stjórnar heimilinu fyrir hönd bæjarstjórnar og fái hún forstöðukonu heimilisins til aðstoðar við sig að velja gjafir með sér.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá þessa, svo og öfn gjafþega og upphæðir gjafa til þeirra hvers um sig.

7. gr.

Reikningur sjóðsins skal gerður árlega og þess getið þar hve mörgum var gefið og tilfærð heildarverðupphæð, svo og vextir af sjóðnum, gjafir og aðrar tekjur ef einhverjar eru. Endurskoðun sjóðsins og reikninga hans fylgist með endurskoðun reikninga elliheimilisins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- A—1 Kr. 40.74 hver kwst. til lýsingar.
 A—2 Kr. 11.56 hver kwst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 5 892.00 á ári fyrir 25 m² gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 175.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kælikápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kw. og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kw. sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

- B—1 Um tvo kwst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 40.74 hver kwst. til ljósa og kr. 9.33 hver kwst. til suðu og hitunar.
 B—2 Kr. 7.71 hver kwst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 62.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar íbúðar. Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi og eldhús, ennfremur ganga, baðherbergi, geymslur og bíl-skúra.
 B—3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 7.70 hver kwst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

C. Vélanotkun.

- C—1 Kr. 19.66 hver kwst. til iðnaðar.
 C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 6 491.00 hvert kw. upp að 50 kw. og kr. 3.33 hver kwst. fyrir fyrstu 200 000 kwst. ársnotkun.
 C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 5 767.00 hvert kw. sem er fram yfir 50 kw. og kr. 3.14 hver kwst. sem er umfram 200 000 kwst.
 C—4 Kr. 11.53 hver kwst., ef um meira en 30 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.
 C—5 Kr. 12.12 hver kwst., fyrir búrekstur.
 C—6 Sértaxti Gefjunar, kr. 1.48/1.34 hver kwst. og kr. 12 284.00 hvert kw.
 C—7 Sérsamningur, iðunn, gufuketill, verðið er háð svartolíuverði.